

**Nd.**

**83. Frumvarp til laga**

**[66. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Hanahól í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja þjóðjörðina Hanahól í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu ábúandanum, Hannibal Guðmundssyni, fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Ábúandi jarðarinnar Hanahóls í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, Hannibal Guðmundsson, hefur óskað þess að fá jörðina keypta. Er frv. þetta því flutt samkvæmt beiðni hans. Er það skoðun flm., að rétt sé og í samræmi við það, sem tíðkæzt hefur undanfarin ár, að verða við þeirri ósk, þar sem dugandi bóndi á hlut að máli.